



Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1890
komudagur 23.4.2012

Atvinnuveganefnd Alþingis
Kristján L. Möller formaður

Reykjavík, 23. apríl 2012

Í upphafi viljum við þakka fyrir að óskað hafi verið eftir umsögn frá KPMG ehf. um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, þingskjal 1052 – mál 657 og frumvarp til laga um veiðigjald, þingskjal 1053 – 658, en frumvörpin eru nú til meðferðar hjá Alþingi. Í frumvörpum þessum felast miklar breytingar á því rekstrarumhverfi sem sjávarútvegur í landinu býr við.

Í umsögn okkar er fjallað um bæði frumvörpin enda eiga þau saman að mynda heildstæða umgjörð um sjávarútveginn.

Það er kostur við framangreind frumvörp að skýr aðskilnaður er á milli stjórnkerfis fiskveiða annars vegar og milli þess hvernig afgjaldi/skattlagningu er háttað hins vegar. Einnig má nefna að það er kostur að fella inn í frumvarp um stjórn fiskveiða fjölmörg sérlög og ákvæði er var að finna í ýmsum lögum og reglum.

Almennt um frumvarp um stjórnun fiskveiða.

Það kemur fram að eitt af markmiðum laganna sé að stuðla að „farsælli samfélagsþróun“ og virðist felast í því að beita eigi beinum stjórnvaldsaðgerðum til þess að tryggja útgerð í einstökum byggðarlögum og stöðum. Er það í nokkru samræmi við það kerfi sem verið hefur við lýði með sérstökum byggðakvótum. Slík kerfi eru ákaflega vandmeðfarin og hafa mál er tengjast því komið til umfjöllunar hjá stjórnvöldum og dómstólum. Nefna má sem dæmi dóm Hæstaréttar frá 8. mars 2012 í máli nr. 389/2011 þar sem viðurkennd var skaðabótaábyrgð íslenska ríkisins þar sem jafnræðissjónarmiða hafði ekki verið gætt við úthlutun byggðakvóta í Öxarfjarðarhreppi fiskveiðiárin 2004/2005 og 2005/2006. Einnig má nefna álit umboðsmanns Alþingis frá 31. mars 2003 í máli nr. 3521/2002 sem varðaði hæfi einstakra fulltrúa í hreppsnefnd Kaldrananeshrepps til að fjalla um málefni tengd byggðakvóta. Afleiðing þess máls var sú að ef beita á settum lagareglum um hæfi sveitarstjórnarmanna er ekki fyrir hendi ályktunarhæf hreppsnefnd í Kaldrananeshreppi til að fjalla um byggðakvóta vegna tengsla aðal- og varamanna við einstaklinga og eða félög sem eru í útgerð eða vinnslu. Þá hlýtur sú spurning að vakna hver er farsæl samfélagsþróun og erfitt er fyrir stjórnvöld á hverjum tíma að slá því föstu að núverandi byggðamynstur sé það sem verja beri.

Þau markmið sem sett eru fram í frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða kunna að vera þannig að í reynd sé erfitt eða útilokað að ná þeim öllum. Það er ekki skynsamlegt að lögfesta markmið sem ómögulegt er að ná og vinna jafnvel hvert á móti öðru. Gæta þarf að því að breytingar á fiskveiðilöggjöfnni vinni ekki gegn þeim markmiðum sem sett eru fram í frumvarpinu. Væntanlega vill enginn hverfa aftur til þess ástands sem löngum ríkti í kringum sjávarútveg þegar ríki og sveitarfélög þurftu margoft að grípa inn í vegna slæmrar stöðu útgerðarinnar.

Samkvæmt frumvarpinu hefur ráðherra á hverjum tíma rúmar heimildir til að ákveða skiptingu á heildarafla milli flokka. Þó er sett fram ákveðin skipting ef heildarafla fer umfram nánar tilgreind mörk. Það veldur óvissu hjá þeim útgerðum sem gera nýtingarsamninga innan flokks I. Einnig er veruleg óvissa um úthlutanir í flokki II og veldur það því óvissu eins og í flokki I. Óvissa í þessum efnum leiðir til þess að áætlanagerð, s.s. rekstrar- og fjárfestingaráætlanir, verður erfið og leiðir til lakari rekstrar en ella. Til þess að draga úr óhagkvæmni vegna þess þarf að liggja fyrir með skýrum hætti hvernig aflaheimildunum er skipt milli flokka.

Það má líka benda á að nýlegar spár benda til þess að afli fari vaxandi hér við land og því ætti ef til vill að setja reglur um að þeir sem gera nýtingarsamninga muni njóta þess að hluta. Með þeim hætti verður það gert hagkvæmara að gera slíka samninga og útgerðir geta þá gert sínar áætlanir í samræmi við það. Slík áform væru í samræmi við þær væntingar sem útgerðum voru gefnar þegar veiðiheimildir voru skornar niður að viðkomandi myndu njóta þess þegar betur áraði.

Framsál aflaheimilda

Framsali á aflaheimildum milli lögaðila/útgerða eru settar þröngar skorður og bannaðar alveg þegar nýtingarsamningar renna út. Framsal er þó leyfilegt ef menn greiða „skatt“ eða „gjald“ í formi þess að 3% af framseldri aflahlutdeild er ráðstafað í flokk II og er því í raun upptaka á aflaheimildum. Hætta er á að þessi kostnaður við framsal dragi verulega úr hagræðingarmöguleikum í greininni þar sem sérhæfing minnkar og erfiðara og dýrara verður að bregðast við breyttum aðstæðum. Við bendum líka á að reglur sem þessar hafa tilhneigingu til að leiða af sér undanskot og blekkingar. Ítrekað er að þessi aðgerð er í raun eitt form skattlagningar því umrædd 3% eru tekin til varanlegrar ráðstöfunar fyrir ríkið.

Við bendum á að ekki er heimild til framsals aflaheimilda ef um er að ræða jöfn skipti á aflahlutdeild í tegundum. Slíkt gæti leitt til þess að útgerðir geti ekki brugðist við breyttri fiskigengd eða tilfærslu á veiðisvæðum einstakra tegunda. Einnig er erfitt að bregðast við ef umtalsverðar breytingar verða á samsetningu meðafla eða öðrum slíkum þáttum.

Kvótapiing

Það er eitt af megin nýmælum frumvarpsins að sett er á stofn kvótapiing þar sem viðskipti með aflaheimildir skulu fara fram með uppboðsfyrirkomulagi. Í frumvarpinu er ekki að finna ákvæði um hvernig kvótapiing skuli starfa heldur er gert ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð þar um. Starfsemi kvótapiings er afar mikilvæg þegar draga á upp heildarmynd af áhrifum lagafrumvarpsins um stjórn fiskveiða. Við teljum því brýnt að áður en frumvarpið verður afgreitt af Alþingi liggja fyrir með skýrum hætti eftir hvaða reglum kvótapiingi er ætlað að starfa og hvaða skilmálar þar eiga að gilda gagnvart þeim sem þar vilja eiga viðskipti.

Það er varhugavert að setja annars vegar fram hugmyndir um kvótapiing þar sem áhugasamir bjóði í aflaheimildir á til þess að gera frjálsum markaði og ætla sér hins vegar að setja þeim frjálsa uppboðsmarkaði fjölmargar reglur og hömlur um upphæðir, svo sem um magn og fjölda viðskipta. Hætta er á því að slíkur markaður þjóni ekki þeim tilgangi sínum að tryggja seljendum (ríkinu) sem hæst verð og um leið að gefa nýliðum og vel reknum útgerðum tækifæri til að auka aflahlutdeild sína. Það að bjóða upp aflaheimildir til eins árs er of stuttur tími og mun

að öllum líkindum leiða til „yfirboða“ á markaði og offjárfestinga í margvíslegum búnaði. Skynsamlegra væri að bjóða upp heimildir til fleiri ára í senn. Í upphafi mæti hugsa sér að hafa gildistímamann breytilegan til að tryggja að í framtíðinni verði ávallt heimildir til sölu á markaði.

Hámarkshlutdeild o.fl.

Í frumvarpinu eru óútfærð ákvæði um hámarkshlutdeild, yfirráð og tengda aðila þar sem ekki er kveðið upp úr um hvaða reglur skuli gilda um þessi atriði en ráðherra falið að skipa nefnd sem geri tillögur.

Eðlilegt væri að slík ákvæði væru hluti af frumvarpinu.

Veidigjald og sérstakt veiðigjald

Gert er ráð fyrir í meginatriðum að allir handhafar aflahlutdeildar í flokki I greiði veiðigjald og hluti þeirra sem fá úthlutað aflaheimildum í flokki II og er það í samræmi við meginmarkmið laganna um að auðlindin sé sameign þjóðarinnar. Jafnframt er lagt til að útgerðir greiði sérstakt veiðigjald sem er skilgreint sem hlutfall af reiknaðri rentu á hvert þorskígildskíló. Eru þessi ákvæði útfærð í 8., 9. og 10. gr.

Við útreikning á rentu er miðað við ákveðna ávöxtun rekstrarfjármuna, að meðtöldum birgðum, 8% í fiskveiðum og 10% í fiskvinnslu. Hvorki fjármagnskostnaður né afskriftir eru dregin frá þegar reiknuð er renta og ekki er gert ráð fyrir neinum fjárfestingum. Með nokkurri einföldun má því segja að hér sé um EBITDA skatt að ræða en hins vegar er ekki verið að skattleggja rekstrarafkomu. Þessi aðferð tekur því ekki tillit til þess hvernig fjármagnsskipan og fjárfestingarþörf einstakra útgerða er háttáð.

Tvö sambærileg félög þar sem annað sem hefur lokið við endurnýjun á tækjabúnaði sínum en hitt er að hefja slíka fjárfestingu myndu greiða sama sérstaka veiðigjaldið. Sama máli gegnir um sambærileg félög að öllu öðru leyti en því að annað er mjög skuldsett en hitt ekki. Það að ekki er tekið tillit til skulda mun væntanlega vinna gegn nýliðun í greininni þar sem líklegt er að þeir sem eru að hefja útgerð fjármagni sig að verulegu leyti með lánsfé. Þeir munu þá ekki vera samkeppnisfærir við skuldlítill félög og fjársterka aðila sem áhuga hafa á að kaupa sig inn í útveginn. Þróunin gæti því orðið sú að þau félög sem fyrir eru og fjársterkir aðilar utan greinarinnar munu kaupa mest af heimildum á kvótaþingi, heimildir safnast á færri hendur og nýliðun verði lítil nema með handstýrðum aðgerðum.

Við vekjum athygli á að niðurlag 5. mgr. 10. gr. frumvarpsins er ekki nægilega skýrt orðað hvað varðar grundvöll ákvörðunar stofns til útreiknings árgreiðslu.

Hlutur sveitarfélaga

Nokkur sveitarfélög hafa látið KPMG vinna fyrir sig úttekt eða yfirlit yfir áhrif frumvarpanna á sjávarútveg í viðkomandi sveitarfélagi. Í þeirri vinnu hefur KPMG lagt áherslu á að draga fram staðreyndir um breytingar á aflaheimildum, veiðigjöld og fleira sem gætu orðið undirstaða að umræðu í viðkomandi sveitarstjórn og í sveitarfélaginu öllu.

Áhrifin eru mismunandi eftir mikilvægi sjávarútvegs í viðkomandi samfélagi, samsetningu aflaheimilda og fleiri þátta. Í næstu töflu er dregin saman áhrif á nokkur sveitarfélög í samræmi við okkar vinnu.

Forsendur:

Gert er ráð fyrir að veiðigjald sé 8 kr. á þorskígildi, sérstakt veiðigjald sé 50 kr. í bolfiski og 75 kr. í uppsjávarfiski. Byggt er á upplýsingum sem fram koma í athugasemdum við frumvarp um veiðigjöld.

Við mat á kostnaði útgerða við að kaupa samsvarandi aflaheimildir og þær missa þannig að þær standi jafnstæðar eftir, er miðað við að kaupverð á þorskígildistonn sé 200 til 300 kr. á kíló sem er nálægt því verði sem er á markaði í dag.

Við mat á mögulegum tekjum til sveitarfélaga er gert ráð fyrir því að til sölu séu 20.000 tonn og að sveitarfélögin fái í sinn hlut 40% af þeim tekjum eins og fram kemur í 19. gr. frumvarpsins. Heildarupphæðinni er síðan deilt niður á alla íbúa utan höfuðborgarsvæðisins og síðan niður á sveitarfélög í samræmi við íbúafjölda. Til höfuðborgarsvæðisins teljast Mosfellsbær, Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Garðabær, Álftanes og Hafnarfjörður. Með þessum hætti er hægt að setja í samhengi fjárhæðir vegna veiðigjalda og mögulegra greiðslna til sveitarfélaga.

Í töflunni er ekki tekið tillit til áhrifa af makrílveiðum.

Áhrif á sveitarfélög - nokkrir þættir						
Sveitarfélag	Veiðigjald á íbúa	Aætlaður kostn. vegna kaupa á aflaheimildum til að standa jafnstæður	Heildar veiðigjald og sérstakt veiðigjald	Mögulegar tekjur sveitarfélags frá kvótaþingi (200 kr/kíló)	Mögulegar tekjur sveitarfélags frá kvótaþingi (300 kr/kíló)	Samdráttur aflaheimilda%
Sveitarfélag A	601	516.252	2.765.453	63.328	94.992	4,4%
Sveitarfélag B	538	191.857	1.152.026	29.469	44.203	3,7%
Sveitarfélag C	1.683	96.020	590.646	4.831	7.247	1,9%
Sveitarfélag D	96	328.128	1.720.882	246.030	369.045	4,0%
Sveitarfélag E	213	16.958	192.558	12.456	18.685	0,2%
Sveitarfélag F	152	112.513	613.457	55.386	83.079	2,1%
Sveitarfélag G	362	108.668	692.568	26.344	39.516	1,1%

Allar fjárhæðir eru í þús. króna.

Í 1. dálki er heildarveiðigjaldi deilt niður á íbúa.

Í 2. dálki er kostnaður fyrirtækja í viðkomandi sveitarfélaga við að kaupa aflaheimildir á kvótaþingi til að halda sömu aflaheimildum og fyrir skerðingu.

Í 3. dálki er heildarveiðigjöld sem greidd yrðu af viðkomandi sveitarfélagi.

Í 4. dálki eru mögulegar tekjur til viðkomandi sveitarfélags vegna uppboðs aflaheimilda á kvótaþingi m.v. 200 kr. á kíló.

Í 5. dálki eru mögulegar tekjur til viðkomandi sveitarfélags vegna uppboðs aflaheimilda á kvótaþingi m.v. 300 kr. á kíló.

Í 6. dálki er síðan samdráttur á aflaheimildum í prósentum eftir sveitarfélögum.

Samdrátturinn er hlutfallslega meiri hjá þeim sveitarfélögum þar sem veiðar á uppsjávartegundum hafa skipt miklu máli.

Byggt á ofangreindum forsendum má sjá að það eru umtalsverðar fjárhæðir sem útgerðir í einstökum sveitarfélögum munu koma til með að greiða bæði í veiðigjöldum og eins ef þau vilja reyna að halda sínum aflahlutdeildum óbreyttum. Mögulegar tekjur vegna leigu á kvótapiingi veða þær fjárhæðir ekki upp.

Það hefur líka komið fram í umræðu um málið að tekjunum af kvótapiingi eigi ekki að skipta niður á einstök sveitarfélög heldur eigi að fela landshlutasamtökum þeirra umsýslu og ráðstöfun á þeim fjármunum. Við viljum benda á að landshlutasamtök sveitarfélaga eru ekki stjórnvald heldur frjáls samstarfsvettvangur sveitarfélaga og ekki eru öll sveitarfélög aðilar að slíkum samstarfsvettvangi. Eigi að fela þeim slík verkefni sem um ræðir í frumvarpinu mun það krefjast annað hvort skýrari lagaákvæða eða sérstakra samninga við þau. Þau eru mjög misjafnlega í stakk búin til að sinna slíkum verkefnum og raunar hefur það heldur verið þróunin að eftir því sem sveitarfélög stækka þá minnkar hlutverk slíkra samtaka. Ekki kemur fram í frumvarpinu eða fylgigögnum þess hvernig hlut sveitarfélaga yrði skipt milli starfssvæða landshlutasamtaka en í töflunni hér að neðan er sýnt hver útkoman yrði ef fjárhæðinni yrði deilt niður á landshlutasamtök í samræmi við íbúafjölda. Sýnd er skipting bæði með og án höfuðborgarsvæðisins. Heildarfjárhæðin í töflunni hér á eftir er 40% af áætluðum heildartekjum kvótapiings. Fjárhæðir eru í þús. kr.

Landshlutasamtök og íbúafjöldi innan þeirra vebanda				
Landshlutasamtök	Íbúafjöldi	Hlutfall	Með höfuðborgarsvæði	Án höfuðborgarsvæðis
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum	21.300	6,7%	133.370	366.420
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga	25.900	8,1%	162.173	445.553
Samband sveitarfélaga á Austurlandi	10.400	3,3%	65.120	178.909
Eyþing	29.000	9,1%	181.584	498.882
Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra	7.200	2,3%	45.083	123.860
Fjórðungssamband Vestfirðinga	7.060	2,2%	44.206	121.452
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi	15.400	4,8%	96.427	264.923
Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu	203.152	63,6%	1.272.037	
Samtals	319.412		2.000.000	2.000.000

Önnur áhrif á sveitarfélög

Við höfum ekki nema að litlu leyti lagt mat á þau hliðaráhrif sem verða á aðrar atvinnugreinar en víða hefur byggst upp öflugur þjónustuiðnaður í tengslum við sjávarútveg. Fram hefur komið í okkar samtölum og athugunum að rekstaraðilar útgerðarfyrirtækja gera ráð fyrir að kaupa minni þjónustu ef breytingar þessar ganga eftir.

Í mörgum af þessum sveitarfélögum er sjávarútvegur burðarás í atvinnulífi viðkomandi staða og þar er oft eitt útgerðarfélag sem er stærsti atvinnuveitandinn á staðnum. Fyrir þær byggðir sem standa veikast og íbúafækkun hefur orðið á undanförunum árum er hætta á að minni umsvif í sjávarútvegi valdi losi í búsetu. Af athugasemdum með frumvarpinu má ráða að ætlunin er að bregðast við breytingum í útgerð og búsetu með sértækum aðgerðum af hálfu ríkisvaldsins. Það

er okkar skoðun að farsælla sé til langframa að sjávarútvegur sé rekinn með sem hagkvæmustum hætti því það skili mestu til eiganda auðlindarinnar. Það er síðan annað mál hvort Alþingi og ríkisstjórn telja nauðsynlegt að nota hluta af þeim arði til aðstoðar og uppbyggingar á einstaka stöðum sem á því þurfa að halda.

Um áhrif á sjávarútvegsfyrirtæki

KPMG hefur reynt að meta hver áhrifin af frumvarpi um veiðigjöld gætu orðið á sjávarútvegsfyrirtæki. Dæmi hér fyrir neðan er um ímyndað fyrirtæki en byggt á raunverulegum fyrirmyndum.

Í töflu hér é eftir er stillt upp rekstrarreikningi fyrir sjávarútvegsfyrirtæki miðað við mismunandi skuldsetningu. Helstu forsendur eru:

Helstu forsendur	
Fjárhæðir í þús. kr.	
Þorskigildi í botnfiski	12.000
Þorskigildi í uppsjávarfiski	3.000
Samtals þorskigildi	15.000
Rekstrarfjármunir	6.326.250
Aflaheimildir	6.326.250
Heildareignir	12.652.500
Afskriftir á ári	11%
Fjármagnskostnaður	6%
Tekjuskattur	20%

Í töflunni hér að neðan sést hvernig mismunandi skuldsetning hefur áhrif á sjóðstreymi félagsins og getu þess til að standa undir veiðigjöldum. Í þessu dæmi verður sjóðstreymi félagsins neikvætt þegar eiginfjárlutfall þess er komið undir 50%.

Rekstrarvirkilisávarfvegsvirtæki					
Eiginfjárlutfall:	100,0%	80,0%	60,0%	40,0%	20,0%
Rekstrartekjur:					
Rekstrartekjur uppsjávarfiskur	1.950.000	1.950.000	1.950.000	1.950.000	1.950.000
Rekstrar tekjur botnfiskur	6.600.000	6.600.000	6.600.000	6.600.000	6.600.000
Samtals	8.550.000	8.550.000	8.550.000	8.550.000	8.550.000
EBITDA 35% uppsjávarfiskur	682.500	682.500	682.500	682.500	682.500
EBITDA 28% botnfiskur	1.848.000	1.848.000	1.848.000	1.848.000	1.848.000
Veiðigjald uppsjávarfiskur	249.000	249.000	249.000	249.000	249.000
Veiðigjald botnfiskur	696.000	696.000	696.000	696.000	696.000
Afskriftir	695.888	695.888	695.888	695.888	695.888
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsgjalda	889.613	889.613	889.613	889.613	889.613
Fjármagnsgjöld (6,0%) af skuldum	0	(151.830)	(303.660)	(455.490)	(607.320)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	889.613	737.783	585.953	434.123	282.293
Tekjuskattur	(177.923)	(147.557)	(117.191)	(86.825)	(56.459)
Hagnaður ársins	711.690	590.226	468.762	347.298	225.834
Sjóðstreymisáhrif					
Veltufé frá rekstri	1.407.578	1.286.114	1.164.650	1.043.186	921.722
Væntar fjárfestingar (=afskriftir ársins)	(695.888)	(695.888)	(695.888)	(695.888)	(695.888)
Afborganir langtímalána	0	(168.700)	(337.400)	(506.100)	(674.800)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	711.690	421.526	131.362	(158.802)	(448.966)

Í töflu hér að neðan eru dregin saman áhrif á heildargreiðslur til ríkissjóðs vegna álagningar veiðigjalda.

Áhrif á greiðslur til ríkissjóðs	
	Fjárhæð
Veiðigjöld	945.000
Veiðigjald 2011/2012 9,46 kr. á þorskgildi	(141.900)
Hækkun veiðigjalds	803.100
Skattspörun veiðigjalds	(160.620)
Heildaráhrif á greiðslu opinberra gjalda	642.480

Hjá þessu fyrirtæki mundu árlegar greiðslur til ríkissins hækka um 643 millj. kr. Heildargreiðslan, 803 millj. kr., er 9,4% af rekstrartekjum.

Áhrif á reikningsskil og mat eignfærðra aflaheimilda

Í yfirferð okkar höfum við reynt að meta áhrif á reikningsskil og mat á eignfærðum aflaheimildum. Aflaheimildir eru færðar sem óefnislegar eignir í ársreikningum útgerðarféлага. Útreikningar á verðmæti þeirra í ársreikningum útgerðarféлага taka m.a. mið af sjóðstreymi sem aflaheimildirnar skapa fyrir félögin. Reynt er að draga fram og meta það framtíðarsjóðstreymi sem viðkomandi heimildir skapa til að leggja síðan mat á virði þeirra á þeim grundvelli. Útreikningarnir grundvallast á EBITDA hagnaði til lengri tíma litið og áætlunum um fjárfestingar til framtíðar, ásamt fleiri liðum.

Útreiknaður framtíðarhagnaður er færður til núvirðis og borinn saman við eignagrunn félagsins. Eignagrunnurinn samanstendur meðal annars af efnislegum eignum (skipum og fasteignum) og óefnislegum eignum þar sem þær aflaheimildir sem félagið hefur eignfært hækka eignagrunninn.

Ef eignagrunnur félagsins er hærri en núvirtur framtíðarhagnaður þess eru óefnislegar eignir félagsins færðar niður sem því nemur. Er hér notuð sama aðferðafræði og þegar verið er að leggja mat á óefnislegar eignir eins og viðskiptavild og vörumerki. Viðkomandi óefnisleg eign félagsins, í þessu tilfalli aflaheimildir, hafa þá orðið fyrir virðisrýrnun.

Mismunurinn (lækkunin) er þá færður til gjalda í rekstrarreikningi félagsins með samsvarandi lækkun á eigin fé.

Hækkun veiðigjalds og lögfesting á sérstöku veiðigjaldi hefur strax áhrif á útreikning framtíðarhagnaðar til lækkunar og þar með á verðmæti eignfærðra aflaheimilda.

Áhrifin verða þau að gjaldfæra þarf hluta eignfærðra aflaheimilda, trúlega strax á því ári sem nýjar reglur verða teknar upp. Nokkuð erfitt er að gera sér grein fyrir þessum áhrifum fyrirfram en í töflunni hér fyrir neðan eru sýnd möguleg áhrif á sama „útgerðarfélag“ og notað var í dæminu hér að framan. Við útreikning nýtingarvirðis er notast við EBITDA margfeldið 6 sem endurspeglar rekstrarvirði.

Virðisrýrnun eigna vegna veiðigjalds			
Fyrir gildistöku frumvarps	Botnfiskur	Uppsjávarfiskur	Samtals
EBITDA án veiðigjalds	1.848.000	682.500	2.530.500
Þæðra veiðigjald	(113.520)	(28.380)	(141.900)
EBITDA	1.734.480	654.120	2.388.600
Nýtingarvirði EBITDA *6	10.406.880	3.924.720	14.331.600
Bókfært virði	(9.240.000)	(3.412.500)	(12.652.500)
Yfirverð í eignum	1.166.880	512.220	1.679.100
Eftir gildistöku frumvarps			
EBITDA án veiðigjalds	1.848.000	682.500	2.530.500
Veiðigjald	(696.000)	(249.000)	(945.000)
EBITDA	1.152.000	433.500	1.585.500
Nýtingarvirði (EBITDA)*6	6.912.000	2.601.000	9.513.000
Bókfært virði	(9.240.000)	(3.412.500)	(12.652.500)
Virðisrýrnun	(2.328.000)	(811.500)	(3.139.500)

Eins og sjá má kunna veiðigjöld að hafa þau áhrif að virðisrýrnun verður á eignum félagsins að fjárhæð 3 milljarðar kr.

Eignahagur miðað við 40% eiginfjárlutfall			
	Fyrir	Eftir	Mismunur
Eignir	12.652.500	9.513.000 (3.139.500)
Skuldir	7.591.500	7.591.500	0
Eigið fé	5.061.000	1.921.500 (3.139.500)
<i>Eiginfjárlutfall</i>	<i>40,0%</i>	<i>20,2%</i>	

Skattaáhrif

Afskriftir eignfærðra aflaheimilda hafa ekki verið frádráttarbær kostnaður í skattskilum útgerðafélaga undanfarin ár. Í 48. gr. laga um tekjuskatt kemur fram að stofnkostnað við kaup á réttindum sem ekki rýrna vegna notkunar, svo sem varanlega aflahlutdeild, sé ekki heimilt að fyrna. Í sömu grein kemur hins vegar fram að þó skuli heimilt að telja til rekstrarkostnaðar verðmæti þessara réttinda ef þau falla niður eða hlutfallslega ef þau eru skert verulega lögum samkvæmt. Með hliðsjón af framangreindu verður að telja að heimilt verði að gjaldfæra keypta aflahlutdeild í skattskilum félaga á komandi árum ef boðuð frumvörp verða að lögum.

Í þessu sambandi verður að gera greinarmun á eignfærðum aflaheimildum í ársreikningum útgerðafélaga annars vegar og í skattskilum þeirra hins vegar. Munurinn liggur einkum í því að

þær aflaheimildir sem félög eignast með samruna við önnur félög teljast vera yfirverð vegna hlutabréfakaupa í skilningi skattalaga þó þær séu eignfærðar sem aflaheimildir í ársreikningum félaga.

Í 10. gr. frumvarpsins um veiðigjald er gert ráð fyrir að niðurfærsla keyptra aflaheimilda í samræmi við ákvæði skattalaga verði skilgreind sem rekstrarkostnaður við útreikning Hagstofu Íslands á reiknaðri rentu.

Hér að neðan er sýnt hvaða áhrif uppruni eignfærðra aflaheimilda hefur á skattgreiðslur, þ.e.a.s. eftir því hvort þeirra var aflað með beinum kaupum eða kaupum á útgerð og samruna við hana.

Mismunur skattlagningar eftir uppruna aflaheimilda		
	Keypt aflahlutdeild	Aflahlutdeild sem verður til við samruna fyrirtækja
Hagnaður skv. rekstrarreikningi	711.690	711.690
Afskrift aflaheimilda	(316.313)	-
Tekjuskattstofn	395.378	711.690
Tekjuskattur 20%	79.076	142.338

Af þess má ráða að tilurð aflaheimildar hjá fyrirtæki þ.e.a.s. hvort hennar var aflað með beinum kaupum eða með kaupum og samruna við fyrirtæki hefur veruleg áhrif á skattgreiðslur fyrirtækis.

Niðurlag

Það er mat KPMG að ef frumvörpin í núverandi mynd nái fram að ganga muni þau draga úr hagkvæmni í sjávarútvegi, þau hvetji til skammtímahugsunar og dragi úr nýsköpun.

Frumvarp um veiðigjöld byggir á veikum forsendum þar sem skattstofninn endurspeglar ekki rekstur, fjárfestingarþörf og afkomu með nægjanlega skýrum hætti. Með svo háu skatthlutfalli muni draga verulega úr framþróun og hagræðingu vegna þess að hvati stjórnenda og eigenda er ekki nægur. Slík gjaldtaka mun verulega minnka getu félaga til að ráðast í tilraunir í veiðum og vinnslu og hætta er á að það leiði til stöðunar í sjávarútvegi.

Ekki liggur fyrir mat á hagrænum áhrifum frumvarpanna í heild sinni. Er það umhugsunarefni að ekki hafi verið unnið eitthvert slíkt mat þegar um svo miklar breytingar á lagaumhverfi sjávarútvegsins er að ræða. Með lagabreytingunum er verið að breyta rekstarumhverfi og afkomu heillar atvinnugreinar en auk þess er þeim breytingum sem í frumvörpunum felast ætluð mikil áhrif á byggðaðróun í landinu.



Það er okkar skoðun að skynsamlegt sé að þessi frumvörp verði skoðuð frekar áður en lögfestar verði breytingar á löggjöf um fiskveiðar og viðamiklar breytingar gerðar á því hvernig greitt er fyrir aðgang að auðlindinni.

Virðingarfyllst,

KPMG ehf.

A handwritten signature in black ink, which appears to read 'Sigurður Jónsson'.

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri